

Skref 1

UNDIRBÚNINGUR


ÞEMA: Plöntur á ólíkum árstíðum

YKKAR LJÓSMYNDAPEMA: \_\_\_\_\_

Verkefni:

INNIHALD

- (3) **Hópar:** Myndið hópa í samstarfi við kennara.
- (4) **Hugmyndavinna:** Skriði niður eins margar hugmyndir að viðfangsefnum eða þemum og ykkur dettur í hug. Hvaða viðfangsefni eða þema viljið þið vinna með? Dæmi um viðfangsefni, ólíkar gerðir plantna, leiðir planta til að lifa af, fjölbreytileiki plantna. Hvað langar ykkur að rannsaka og kynna með myndum? Þið getið gert þetta með því að búa til hugarkort. Þið getið fundið forrit til að gera slíkt kort rafrænt t.d. *Freemind* eða *XMind* eða önnur forrit sem þið þekkið. Einnig getið þið teiknað upp hugarkort á blaðið hér að neðan.



- (3) **Flokkun hugmynda:** Búið til töflu með tveimur dálkum. Setjið fram mögulegar hugmyndir úr hugarkortinu í fyrri dálkinn og hvar væri mögulegt að mynda viðfangsefnið í seinni dálkinn.

Hugmyndir	Staðsetning
<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>

Skref 2

FRAMKVÆMD

LJÓSMYNDÆFING

Skoðið þessi myndapör, berið þau saman og lýsið þeim fyrir hvoru öðru – Skrifið við myndirnar hvað má sjá á hverri þeirra. Setjið fram eina eða tvær reglur sem þið viljið nota þegar þið takið og skoðið ykkar eigin myndir.



Skref 4

ÞEMA: Plöntur á ólíkum árstíðum

VAL Á MYNDUM

YKKAR LJÓSMYNDARÞEMA: \_\_\_\_\_

**NIÐURSTÖÐUR OG KYNNING**

- (1) Hlaðið upp myndunum ykkar inn á tölvu eða spjaldtölvu svo allir í hópnum geti skoðað þær vel saman
- (2) Veljið fimm myndir sem ykkur þykja bestar fyrir verkefnið. Þegar þið skoðið myndirnar, hugsið ykkur vel um hvaða líffræðilega einkenni þið vilduð sýna og hversu vel þetta einkenni sést á myndunum. Veljið þær myndir sem sýna þetta líffræðilega einkenni hvað skýrast. Hvaða myndir komu vel út vegna þess að ljósmýndataeknin var góð (t.d. varðandi innrömmun myndar, staðsetningu myndavélar, sjónarhorn, lýsingu, bakgrunn)? Af þessum fimm myndum, veljið þrjár bestu myndirnar og númerið þær eftir gæðum, þ.e. 1) fyrir bestu myndina, 2) fyrir næst bestu, 3) fyrir þriðju bestu o.s.fr.v.
- (3) Færið rök fyrir því hvers vegna þið völduð hverja mynd í töfluna hér fyrir neðan (eða í aðra töflu sem þið útbúið sjálf).

Heiti / númer ljósmyndar	Rökfærsla fyrir vali á ljósmyndinni

Fyrsta val =

Annað val =

Þriðja val =